# Listasafn Árnesinga bs.

## Ársreikningur 2025

Listasafn Árnesinga bs.
Austurmörk 21
810 Hveragerði

Kt. 511076-0729

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun stjórnar og safnstjóra ...................................................... | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda ...................................................... | 4 |
| Rekstrarreikningur...................................................... | 6 |
| Efnahagsreikningur...................................................... | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit...................................................... | 8 |
| Skýringar...................................................... | 9 |

# Áritun stjórnar og safnstjóra

Listasafn Árnesinga í Hveragerði er alhliða menningarstofnun í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna í Árnessýslu. Listasafn Árnesinga hefur staðið fyrir metnaðarfullum sýningum á verkum innlendra og erlendra listamanna auk safnafræðslu, námskeiða og hvers kyns uppákoma.

Á árinu 2025 varð breyting á rekstrarformi Listasafnsins með tilkomu nýrra samþykkta, og er safnið orðið byggðasamlag sveitarfélaga í samræmi við 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og ber heitið Listasafn Árnesinga bs. Listasafn Árnesinga bs. er byggðasamlag sem hefur það hlutverk að standa að rekstri Listasafns í Árnessýslu í umboði aðildarsveitarfélaga. Aðildarsveitarfélögin eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus.

Hjá safninu voru tveir fastráðnir starfsmenn á árinu 2025. Launagreiðslur námu samtals 23,1 millj. kr. Til viðbótar kaupir safnið vinnu t.d. við gerð og uppsetningu sýninga og annarra viðburða.

Rekstrarniðurstaða safnsins var neikvæð á árinu að fjárhæð 3,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé safnsins í árslok var neikvætt um 3,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er í skýringu nr. 4 varðandi ráðstöfun rekstrarniðurstöðu.

Stjórn Listasafns Árnesinga staðfestir hér með ársreikning safnsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Hveragerði, 20. mars 2026

Stjórn:

Safnstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Listasafns Árnesinga bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Listasafns Árnesinga bs. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Listasafns Árnesinga bs. 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Listasafni Árnesinga í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og safnstjóra á ársreikningnum

Stjórn og safnstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og safnstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi Listasafns Árnesinga bs. og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa Listasafn Árnesinga bs. upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og safnstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og safnstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Listasafns Árnesinga bs. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 20. mars 2026

***KPMG ehf.***

Friðrik Einarsson

# Rekstrarreikningur árið 2025

| | Skýr. | 2025 | Fjárhagsáætlun 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Héraðsnefnd Árnesinga, framlag | | 60.000.000 | 60.000.000 | 57.000.000 |
| Hveragerðisbær, þjónustusamningur | | 5.040.000 | 5.960.000 | 4.910.808 |
| Styrkir, Safnaráð ofl. | | 3.710.000 | 7.600.000 | 8.390.000 |
| Verkefnastyrkir til sérverkefna | | 2.890.000 | 0 | 3.950.000 |
| Sala kaffiteríu | | 1.258.348 | 0 | 906.531 |
| Sala safnabúðar | | 3.330.290 | 3.553.000 | 3.069.740 |
| Aðrar tekjur | | 568.230 | 0 | 1.255.744 |
| | | 76.796.868 | 77.113.000 | 79.482.823 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | 29.437.269 | 34.300.000 | 26.885.369 |
| Rekstur húsnæðis | 10 | 5.809.449 | 7.127.000 | 7.765.905 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11 | 42.211.187 | 31.985.000 | 40.841.001 |
| Afskriftir | 3 | 1.641.568 | 1.600.000 | 1.641.568 |
| | | 79.099.473 | 75.012.000 | 77.133.843 |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | ( 2.302.605) | 2.101.000 | 2.348.980 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 18.527 | 0 | 19.142 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 1.278.798) | ( 2.101.000) | ( 1.531.004) |
| | | ( 1.260.271) | ( 2.101.000) | ( 1.511.862) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | ( 3.562.876) | 0 | 837.118 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fasteign | 3 | 16.733.838 | 18.375.406 |
| Listaverk | 3 | 8.000.000 | 8.000.000 |
| Fyrirframgreiðsla | 4 | 1.779.565 | 1.873.093 |
| Fastafjármunir samtals | | 26.513.403 | 28.248.499 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | 5 | 724.790 | 1.430.328 |
| Fyrirframgreiðsla | 4 | 93.528 | 93.528 |
| Handbært fé | | 117.375 | 82.703 |
| Veltufjármunir samtals | | 935.693 | 1.606.559 |
| **Eignir samtals** | | 27.449.096 | 29.855.058 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 6 | ( 3.502.203) | 60.673 |
| Eigið fé samtals | | ( 3.502.203) | 60.673 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 8 | 4.469.598 | 4.435.234 |
| | | 4.469.598 | 4.435.234 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímalán | 7 | 14.460.331 | 15.540.841 |
| | | 14.460.331 | 15.540.841 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 2.979.354 | 1.196.904 |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 8 | 369.782 | 354.618 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | 7 | 1.655.828 | 1.543.460 |
| Fyrirframgreiddir styrkir | | 0 | 400.000 |
| Ógreiddur kostnaður | | 7.016.406 | 6.323.328 |
| | | 12.021.370 | 12.021.370 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 30.951.299 | 31.997.445 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 27.449.096 | 32.058.118 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 4 | ( 3.562.876) | 837.118 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 1.641.568 | 1.641.568 |
| Verðbætur | | 611.357 | 822.251 |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun (lækkun) | 8 | 420.928 | ( 693.849) |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 889.023) | 2.607.088 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Langtímakröfur, lækkun | | 93.528 | 93.528 |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 705.538 | ( 424.102) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 293.078 | ( 396.315) |
| Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar | | ( 371.400) | ( 356.412) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 720.744 | ( 1.083.301) |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | ( 168.279) | 1.523.787 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 1.782.450 | ( 110.334) |
| Afborganir langtímalána | | ( 1.579.499) | ( 1.467.130) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 202.951 | ( 1.577.464) |
| **Breyting á handbæru fé** | | 34.672 | ( 53.677) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 82.703 | 136.380 |
| **Handbært fé í árslok** | | 117.375 | 82.703 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**b.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

**c.** Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga bs. fyrir árið 2025 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

## 2. Fyrirframgreiðsla til Brúar

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

## 3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteign | Listaverk | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2025 | 52.302.508 | 8.000.000 | 60.302.508 |
| Heildarverð 31.12.2025 | 52.302.508 | 8.000.000 | 60.302.508 |
| | | | |
| Afskrifað í ársbyrjun | 33.927.102 | 0 | 33.927.102 |
| Afskrifað á árinu | 1.641.568 | 0 | 1.641.568 |
| Afskrifað samtals 31.12.2024 | 35.568.670 | 0 | 35.568.670 |
| | | | |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 16.733.838 | 8.000.000 | 24.733.838 |
| | | | |
| Afskriftarhlutföll | 3 - 5% | | |

| | Eignarhluti | Fasteignamat | Brunabótamat |
|---|---|---|---|
| Austurmörk 21, Hveragerði | 100% | 216.500.000 | 439.000.000 |

## 4. Fyrirframgreiðsla

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2026 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

| Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu: | **2025** |
|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 1.966.621 |
| Gjaldfært á árinu | ( 93.528) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 1.873.093 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 93.528 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 1.779.565 |
| Samtals í efnahagsreikningi | 1.873.093 |

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

| | |
|---|---|
| Framlag í lífeyrisaukasjóð | 1.724.726 |
| Framlag í varúðarsjóð | 148.367 |
| | 1.873.093 |

## 5. Skammtímakröfur

| | **31.12.2025** | **31.12.2024** |
|---|---|---|
| Endurkræfur virðisaukaskattur | 413.356 | 353.718 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 211.434 | 176.610 |
| Óinnheimtir styrkir | 100.000 | 900.000 |
| | 724.790 | 1.430.328 |

## 6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2025 | 60.673 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | ( 3.562.876) |
| Staða 31.12.2025 | ( 3.502.203) |

## 7. Langtímaskuldir

| | **31.12.2025** |
|---|---|
| Verðtryggðar skuldir í ISK | 16.116.159 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.655.828) |
| | 14.460.331 |

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2026 | 1.655.828 |
| Árið 2027 | 1.714.563 |
| Árið 2028 | 1.775.427 |
| Árið 2029 | 1.838.500 |
| Árið 2030 | 1.903.862 |
| Síðar | 7.227.979 |
| | 16.116.159 |

## 8. Lífeyrisskuldbinding

Á safninu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna safnsins. Lífeyrisskuldbinding er byggð á útreikningum tryggingastærðfræðings. Breyting á árinu á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni í efnahagsreikningi. Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu 2025 greinist þannig:

| | **2025** |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun | 4.789.852 |
| Framlag vegna lífeyrisgreiðslna | ( 371.400) |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu | 420.928 |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok | 4.839.380 |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | ( 369.782) |
| Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok | 4.469.598 |

Núvirði áætlaðs framlags vegna lífeyrisgreiðslna greinist þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árin 2026-2030 | 1.696.484 |
| Árin 2031-2035 | 1.316.291 |
| Árin 2036-2040 | 941.343 |
| | 3.954.118 |
| Síðar | 885.262 |
| | 4.839.380 |

| | | 2025 | Fjárhagsáætlun 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **9.** | **Laun og launatengd gjöld** | | | |
| | Laun | 22.687.390 | | 21.466.139 |
| | Laun stjórnar | 439.199 | | 386.182 |
| | Launatengd gjöld | 5.641.387 | | 5.298.811 |
| | Breyting á áföllnu orlofi | 248.365 | | 428.086 |
| | Lífeyrisskuldbinding, breyting | 420.928 | | ( 693.849) |
| | | 29.437.269 | 34.300.000 | 26.885.369 |
| **10.** | **Rekstur húsnæðis** | | | |
| | Rafmagn og hiti | 1.486.697 | 1.700.000 | 1.652.210 |
| | Fasteignagjöld og tryggingar | 1.026.515 | 1.050.000 | 933.047 |
| | Öryggisgæsla | 489.225 | 450.000 | 393.490 |
| | Viðhald og endurbætur | 983.063 | 2.800.000 | 1.808.126 |
| | Sorphirða, ræsting og umhirða lóðar | 989.177 | 827.000 | 951.748 |
| | Gjaldfærsla og viðhald áhalda og tækja | 834.772 | 300.000 | 2.027.284 |
| | | 5.809.449 | 7.127.000 | 7.765.905 |
| **11.** | **Annar rekstrarkostnaður** | | | |
| | Kostnaður vegna sýninga | 22.747.635 | 16.000.000 | 20.242.738 |
| | Akstur | 1.051.437 | | 1.150.900 |
| | Aðkeyptur flutningur | 635.979 | | 508.834 |
| | Tryggingar vegna sýninga | 145.050 | | 75.150 |
| | Námskeiðs- og ferðakostnaður | 1.375.100 | 418.000 | 314.197 |
| | Auglýsingar og kynningarefni | 3.348.064 | 3.000.000 | 3.401.375 |
| | Ritföng, bækur og áhöld | 208.668 | 350.000 | 420.582 |
| | Sími og burðargjöld | 784.747 | 600.000 | 777.232 |
| | Tryggingar lausafjár | 49.830 | | 31.701 |
| | Bókhaldsþjónusta, endurskoðun og uppgjör | 1.722.318 | 1.741.000 | 1.473.823 |
| | Félagsgjöld | 203.780 | | 551.169 |
| | Ráðstefna, fundir og risna | 571.872 | | 994.295 |
| | Tölvukostnaður | 669.028 | 750.000 | 1.141.024 |
| | Posaleiga | 71.910 | | 63.185 |
| | Hráefniskostnaður kaffiteríu | 464.579 | 1.500.000 | 440.887 |
| | Vörur til endursölu | 1.552.458 | | 1.234.589 |
| | Afnotagjöld af búnaði | 261.420 | | 704.506 |
| | Hreinlætisvörur | 69.662 | | 203.291 |
| | Listaverk, kaup og viðhald | 250.000 | 2.000.000 | 559.800 |
| | Fræðslustarf | 5.952.577 | 5.000.000 | 6.336.634 |
| | Annar kostnaður | 75.073 | 626.000 | 215.089 |
| | | 42.211.187 | 31.985.000 | 40.841.001 |